

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Bjarnason frá Reykjavíkurborg, Jónas Snæbjörnsson frá Vegagerðinni og Hrafnkel Proppé frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðinni og Öryrkjabandalagi Íslands.

Þingsályktunartillagan er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að innanríkisráðherra, í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög, láti kanna hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur, og hins vegar hagkvæmni léttlestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins. Þá verði kannáðir kostir og gallar þessa samgöngumáta og hugsanlegar leiðir til að koma þeim á. Sjónum verði einkum beint að kostnaði og ávinningi samfélagsins og efna-hagslegum, umhverfislegum og skipulagslegum áhrifum. Niðurstöður athugunarinnar liggi fyrir um mitt ár 2015.

Á fundi nefndarinnar kom fram að á síðustu missirum hafi staðið yfir vinna við gerð nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið en að þeirri vinnu koma öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir lestum sem þessum í skipulagi höfuðborgarsvæðisins jafnvel þó að lest til Keflavíkurflugvallar kunni að verða að stórum hluta neðan jarðar. Sú lest þyrfti að tengjast léttlestakerfi borgarinnar á hentugum stað. Í svæðis-skipulaginu er svokölluð Borgarlína sem er nýtt afkastamikið almenningssamgöngukerfi sem ætlað er að verða hryggjarstykkid i þróun samgangna og uppbyggingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins á næstu áratugum þurfa að taka mið af því að íbúum borgarinnar mun fjlga mjög samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar og verða nálægt 300 þúsund eftir um 25 ár. Höfuðborgarsvæðið mun ekki bera þann aukna fjölda ef ekki verða breytingar á ferðavenjunum borgarbúa. Þó svo byggt verði mikið af nýjum umferðarmannvirkjum mun áframhaldandi notkun einkabíls og samsvarandi ferðavenjur og nú tíðkast leiða til þess að umferðartafir munu margfaldast. Nauðsynlegt er því að breyta ferðavenjunum borgarbúa og auka hlutdeild almenningssamgangna en slík auknung mun einnig gagnast þeim sem áfram kjósa að nota einkabil í svipuðum mæli og nú er. Þá þarf einnig að horfa til skipulags byggðarinnar þannig að hún rúmi almenningssamgöngur og að þær verði enn fýsilegri kostur en í dag.

Ljóst er að uppbygging lestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins er langtíma verkefni enda afar dýr framkvæmd. Slíkt kerfi mundi verða byggt upp í skrefum en ekki allt í einu. Því er mikilvægt að hefjast handa við könnun þá sem tillagan felur í sér sem fyrst. Fyrir nefndinni kom fram að nýlega hafi verið skrifað undir samkomulag milli Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um samstarf um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Snýr samkomulagið m.a. að þróun almenningssamgangna og sjálfbærri samgönguáætlun á höfuðborgarsvæðinu og getur tillagan skotið styrkum stoðum undir þá vinnu.

Meiri hlutinn leggur því til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað ártalsins „2015“ komi: 2016.

Alþingi, 30. júní 2015.

Svandís Svavarsdóttir, Katrín Júlíusdóttir. Ásmundur Friðriksson.
frsm.

Helgi Hrafn Gunnarsson.

Róbert Marshall.